

## Fjölskylduráð - 402 (25.10.2019) - Félagslegar leiguíbúðir, kaup, fyrirspurn

**Málsnúmer** : 1811177  
**Málsaðili** : Samfylkingin í Hafnarfirði  
**Niðurstaða (stutt)** :  
**Fundardagur** : 25.10.2019

**Inngangur** :  
**Niðurstaða** : Fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar um húsnæðismál

Hækkun á leigu félagslegra íbúða

1. Í ljósi gjaldskrárhækkana á gjaldskrár fjölskylduráðs er spurt hvort til standi að hækka leigu á félagslegum íbúðum hjá Hafnarfjarðarbæ? a. Ef svo er, hversu mikil er sú hækkun?

Félagslegar íbúðir

1. Hvað eru margar félagslegar íbúðir í Hafnarfirði og hversu margar eru þær á hverja þúsund íbúa bæjarfélagsins?  
2. Hversu margir einstaklingar og fjölskyldur eru núna á biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ? a. Hversu margir á biðlistanum teljast í brýnni þörf eftir húsnæði? b. Hver er meðalbiðtími fólks á biðlistanum eftir húsnæði? 3. Hversu margar íbúðir hefur Hafnarfjarðarbær keypt inn í félagslega húsnæðiskerfið á síðustu fjórum árum, sundurliðað eftir árum, þ.e. 2016, 2017, 2018 og 2019?

Íbúðir fyrir fatlað fólk

1. Hversu margir einstaklingar eru á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði? a. Hversu margir á biðlistanum teljast í brýnni þörf eftir húsnæði? b. Hver er meðalbiðtími fólks á biðlistanum eftir húsnæði? 2. Hversu margar íbúðir fyrir fatlað fólk eru á framkvæmdastigi í Hafnarfirði í dag? 3. Hversu margar íbúðir fyrir fatlaða fólk voru byggðar í Hafnarfirði á sl. fjórum árum? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2016, 2017, 2018 og 2019.